



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 15. mars 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana sem sveitarstjóri kynnti. Gjaldskráin var áður til umfjöllunar 29. janúar en þá voru nokkur atriði sem þörfuðust frekari umfjöllunar. Sveitarstjórn ræddi þau atriði gjaldskrár sem voru til sérstakrar umfjöllunar í framhaldi af síðasta fundi. Breytingar á gjaldskrá voru samþykktar samhljóða.

2. Framkvæmdir 2018

Sveitarstjóri lagði fram áætlun um malbikunarframkvæmdir ársins. Fyrir liggur að malbikunarstöð verði staðsett við Laxá á Refasveit í sumar og því verði hagstæðara verð á malbiki en ef þyrfti að flytja það um lengri veg. Í framkvæmdaáætlun er annarsvegar gert ráð fyrir nýlögð á götur og bílplön og hins vegar yfirlögð á nokkrar götur. Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim áætlunum um framkvæmdir sem fjárhagsáætlun byggði á. Umræður urðu um framkvæmdirnar og sveitarstjóra falið að vinna áfram að þeim í ljósi umræðu á fundinum.

3. Fyrirspurn um matsskyldu

Fyrir fundinum lá greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir við smábátahöfn á Skagaströnd þar sem sveitarstjóri fyrir hönd Skagastrandarhafnar fer þess á leit við sveitarstjórn að hún ákveði hvort gerð smábátahafnar sé háð mati á umhverfisáhrifum. Með greinargerð um smábátahöfnina fylgdu uppdráttir sem sýna fyrirhugaða legu hennar, stærð og umfang grjótgarda og losun dýpkunarefnis í hafið. Sveitarstjórn ræddi fyrirhugaða framkvæmd.

Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða:

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila um gerð smábátahafnar í Skagastrandarhöfn. Um er að ræða dýpkun á um 8 þúsund fermetra svæði þar sem allt að 11 þús. rúmmetrar af lausu efni verði grafin upp af botni og jafnframt gerður brimvarnargarður skv. meðfylgjandi uppdráttum.

Niðurstaða sveitarstjórnar Skagastrandar er að gerð smábátahafnar í Skagastrandarhöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

4. Samningur við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra þar sem fjallað er um endurskoðun samnings við Hjallastefnuna skv. ákvæði í samningi um fjölda barna. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir fundum með fulltrúum Hjallastefnunar um endurskoðun samningsins.



Fyrir fundinum lá einnig tillaga að breytingum á samningnum sem sveitarstjóri kynnti. Gerð er tillaga um að ákvæði í samningnum breytist þannig að miðað verði við lágmarks dvalargildafjölda og að breyting á samningi taki gildi 1. október 2017.

Sveitarstjórn samþykkti breytingu á samningnum.

5. Umsagnir um gisti- og veitingaleyfi

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

a) Bjarmanes kaffihús, Skagaströnd

Umsækjandi: Liya Yirga Behaga, kt. 160291-3979 fh. Örvars ehf, kt. 570914-0140.

Sótt er um heimild til að afgreiðslutími áfengis verði til kl 03:00 aðfaranætur frídaga.

Umsögn:

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

b) Hólabraut 35 F og G, Skagaströnd

Umsækjandi: Jón G. Sveinsson, kt. 240757-2149 fh. Toppnets ehf. kt. 500595-2139

Gististaðurinn er í flokki II skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Tegund gististaðar: Smáhýsi

Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn:

Fyrir fundinum lágu umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

6. Bréf

a) Styrktarsjóðs EBÍ, 21. febrúar 2018

Með bréfinu er boðið að senda umsókn um sérstök framfaraverkefni til styrktarsjóðsins og gefin frestur til aprílloka til að senda inn umsóknir.

Bréfið var til kynningar.

b) Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 23. febrúar 2018

Með bréfinu er tilkynnt um að ársþing SSNV verði haldið í Skagabúð þann 6. apríl 2018 og minnt á að tilkynna þurfi tilnefningu þingfulltrúa. Einnig var með bréfinu minnt á að tillögur um breytingar á samþykktum SSNV þurfi að berast í síðasta lagi 16. mars.

Sveitarstjórn staðfesti fyrra kjör sitt á fulltrúum sem eru:

Adolf H. Berndsen	til vara	Róbert Kristjánsson
Halldór G. Ólafsson	til vara	Péturína L. Jakobsdóttir
Inga Rós Sævarsdóttir	til vara	Steindór R. Haraldsson

Bréfið var til kynningar.

c) Ámundakinnar ehf. 13. febrúar 2018

Með bréfinu greinir Jóhannes Torfason framkvæmdastjóri Ámundakinnar ehf. frá þörf á viðhaldi og endurbótum á húsnæði félagsins að Bogabraut 1 sem leigt er Samkaupum fyrir verslun félagsins á staðnum. Til að fjármagna þær framkvæmdir þurfi að afla fjármuna m.a.



með auknu hlutfé. Með bréfinu var því leitað eftir að Sveitarfélagið Skagaströnd kaupi 5.000.000 kr. hlut í Ámundakinn ehf á genginu 1,8 og kaupverð hlutafjár verði því 9.000.000 kr. Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins en samþykkti síðan með 5 samhljóða atkvæðum að verða við erindinu og kaupa framangreindan hlut í Ámundakinn ehf. Með hlutafjárukningunni hækkar hlutur sveitarfélagsins í félaginu úr 0,62% í 3,01%. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi um málið.

d) Ungmennafélags Íslands, 30. janúar 2018

Í bréfinu er gerð grein fyrir að tvö landsmót verði haldin á Sauðárkróki dagana 12.-15. júlí nk. Landsmót UMFÍ og og Landsmót UMFÍ +50.

Með bréfinu óskar UMFÍ eftir styrk til kynningarmála Landsmótsins.

Sveitarstjórn samþykkti að leggja 100.000 kr til verkefnisins.

e) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, 8. febrúar 2018

Í bréfinu sem er ritað fyrir hönd reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga er fjallað um uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016 og er ritað til að gera grein fyrir leiðbeiningum um meðhöndlun og reikningslega meðferð uppgjörsins í bókhaldi sveitarfélaga. Sveitarstjóri upplýsti að bréfið hafi verið sent endurskoðanda sveitarfélagsins sem muni stilla greiðslum upp í samræmi við leiðbeiningar bréfsins.

Bréfið var til kynningar.

f) Jóns H. Daníelssonar og Ernu L. Kjartansdóttur, dags 3. mars 2018

Með bréfinu sem er ritað vegna hugmyndar um verkefni til að styrkja ferðaþjónustu á Skagaströnd er farið fram á styrk vegna launakostnaðar við einn starfsmann hjá verkefninu Spákonufell. Í bréfinu kemur fram í hverju hugmyndir eru fólgnar og gerð kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Umræður urðu um erindið og það verkefni sem fram kemur í því. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu erindisins.

7. Fundargerðir:

a. Tómstunda- og menningarmálanefndar, 7.03.2018

Fundargerðin var til kynningar

b. Hafnar- og skipulagsnefndar, 21.02.2018

Sveitarstjórn tók til sérstakrar afgreiðslu eftirfarandi liði fundargerðarinnar:

1. Skipulagsmál

a. Einbúastígur 8-10

Í fundargerðinni kemur fram að samþykkt hafi verið að vinna áfram að málinu og hefja skipulagsferli til að hægt sé að úthluta lóðunum í þeim tilgangi að þar rísi ferðaþjónustuhús.

Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna með 4 atkvæðum gegn 1.

b. Oddagata 3, byggingarnefndarteikningar

Í fundargerðinni kemur fram að lóðinni hafi verið úthlutað til að byggja á henni einbýlishús.

Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna.



2. Höfnin

a. Smábátahöfn – skipulag – hönnun

Í fundargerðinni kemur fram að gera þurfi breytingar á Aðalskipulagi vegna smábátahafnarinnar og samþykkt að hefja skipulagsferli.

Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna.

c. Stjórnar SSNV, 20.02.2018

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 26.02.2018

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23.02.2018

Fundargerðin var til kynningar

8. Önnur mál

a. Samningur um slátt á opnum svæðum

Sveitarstjóri greindi frá því að fyrirspurn hafi komið frá Slavko Velemir um hvort sveitarfélagið vilji framlengja samningi um slátt á opnum svæðum en núverandi samningur rennur út 31. maí 2018. Sveitarstjóra falið að endurskoða samninginn og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

b. Erindi frá Nes listamiðstöð, dags. 5. mars 2018

Erindi hafði borist frá Vicki O'Shea fyrir hönd Nes listamiðstöðvar þar sem óskað er eftir 150 þús. kr. styrk fyrir dvalarkostnaði íslensks arkitekts við listamiðstöðina gegn því að hann veiti ráðgjöf um framtíðarnýtingu húsanna við Fjörubraut 6 og 8.

Erindinu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um verkefnið.

c. Erindi frá Örva ehf um Bjarmanes kaffihús, dags. 13. mars 2018

Óskað er eftir að opnað verði milli hæða í Bjarmanes kaffihúsi og gerðar breytingar sem gæfu færi á að setja upp eldhúsaðstöðu á neðri hæð til að gera mögulegt að reka þar heilsárs veitingastað.

Sveitarstjóra falið að gera frumathugun á forsendum þess að gera breytingu á húsinu skv. erindinu.

d. Erindi frá Örva ehf um skólamötuneyti, dags. 13. mars 2018

Með bréfinu er óskað eftir framlengingu á samningi um skólamötuneyti sem rennur út í lok maí nk. Erindinu frestað.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.30

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson